

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita  
Sólveig Olga Sigurðardóttir  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 20. janúar 2023  
UST202301-041/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Setrið fjallasel – Skeiða – og Gnúpverjahreppi.**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 3. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Setrið fjallasel í Flóa- og Skeiðamannaafretti.

Í greinargerð kemur fram að í dag eru á svæðinu, gistiskáli, 150 m<sup>2</sup> að stærð, 11 m<sup>2</sup> salernishús og 14 m<sup>2</sup> geymsla.

Auk þess kemur fram að heimilt er að stækka núverandi skála þannig að nýtanlegt flatarmál verði allt að 350 m<sup>2</sup>. Heimilt er að gistiþláss verði fyrir 90 manns. Mænishæð skal ekki yfirstíga 6.5 metra. Heimilt er að stækka salernishúsið um ríflega helming, allt að 25 m<sup>2</sup>. Einnig er heimilt að stækka geymslu og gera að neyðarskýli allt að 70 m<sup>2</sup>. Mænishæð þessara húsa verði mest 5.3 metrar.

Heildar byggingarmagn fyrir svæðið er því um 450 m<sup>2</sup>. Auk þess er heimilt að framleiða rafmagn á svæðinu og getur sú framleiðsla verið með vindrellu, sólarþeglum eða olíurafstöð, allt að 25 kW. Einnig gerir tillagan ráð fyrir tjaldsvæði.

### **Leyfi**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í breytingartillögunni að samkvæmt 11. gr. auglýsingar nr. 870/2017 um friðland fyrir Þjórsárver segir að allar framkvæmdir, svo sem jarðrask og mannvirkjagerð, sem haft geta í för með sér truflun eða röskun á dýralífi og/eða eyðileggingu á rústamýravist og öðrum vistgerðum er óheimil í friðlandinu. Óheimilt er að breyta rennsli vatna og vatnsborðshæð á verndarsvæðinu, sbr. þó 2.-4. mgr.<sup>1</sup>

Auk þess þarf að koma fram að leyfi Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarfélags þarf til framkvæmda í friðlandinu, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, skipulagslög nr. 123/2010, lög um mannvirki nr. 160/2010 og, þegar við á, lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998.

### **Umhverfismat**

Í umhverfismati segir að áhrif á áhrif af uppbyggingu svæðisins eru talin hafa jákvæð áhrif á samfélagið þar sem stuðlað er að fjölgun ferðamanna og aukinni þjónustu/atvinnu á svæðinu samhliða.

<sup>1</sup> [https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/thorsarver\\_507\\_1987.pdf](https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/thorsarver_507_1987.pdf)

Umhverfisstofnunin bendir á að með eflingu ferðaþjónustu innan friðlands Þjórsárvera og á jarðir þess og með því að beina ferðamönnum inn í friðlandið getur fjöldi ferðamanna aukist sem getur valdið álagi á friðlandið.

Umhverfisstofnun bendir á að Þjórsárver eru mjög viðkvæmt svæði. Stofnunin telur að tillagan geti þar af leiðandi haft neikvæð áhrif á verndarmarkmið friðlandsins hvað varðar fjölgun ferðamanna á svæðinu. Markmið friðlýsingarinnar er að tryggja víðtæka og markvissa verndun gróðurlendis Þjórsárvera í heild sinni, vistkerfa veranna, rústamýravist, varpstöðva heiðagæsa, víðernis, sérstakrar landslagsheildar og menningarminja auk fræðslu til almennings um verndargildi svæðisins.

Því er mikilvægt að mati stofnunarinnar að í tillögunni sé fjallað um áhrif vegna fjölgunar ferðamanna í Þjórsárver.

### **Samgöngur**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skipulagsáætlunin, hvað varðar afmörkun samgangna á uppdrætti, sé í samræmi við viðauka auglýsingar<sup>1</sup> fyrir friðland Þjórsárvera.

### **Samráð**

Þar sem stofnunin veitir leyfi til framkvæmda innan friðlands Þjórsárvera sbr. 11. gr. friðlýsingarskilmála, er nauðsynlegt að samvinna verði við stofnunina um gerð aðalskipulagsins og gerð deiliskipulags að því er tekur til friðlandsins, sbr. 4.2.1 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 og að haldinn sé samráðsfundur milli sveitarfélagsins og Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*